

FRÉTTIR ÚR GRV

Fréttir úr skólastarfinu



GANGBRAUTAVARSLA Í 10. BEKK

Gangbrautavarsla 10. bekkinga fór af stað 1. nóvember í fjórða sinn. Þetta skemmtilega, gefandi samfélagslega verkefni stendur yfir svartasta skammdegið og lýkur 28. febrúar. Það er virkilega gaman að sjá elstu nemendurna okkar í þessu ábyrgðarhlutverki.

KVEIKJUM NEISTANN

Í Hamarsskóla fengum við heimsókn frá Hermundi Sigmundssyni, Svövu Hjaltalín og Ársæli Ara Árnasyni en þau eru hluti af þróunarverkefninu Kveikjum neistann. Þau hittu krakkana í 1. bekk og voru svo með fund með foreldrum þeirra þar sem rætt var um hugarfar grósku og vaxtar. Að auki var foreldrum 2. - 10. bekkjar boðið á samskonar fund í Barnaskólanum. Mjög gott framtak og skemmtilegir fyrirlestrar þar sem við viljum tileinka okkur gróskuhugarfar í GRV

GUNNI OG FELIX

Yngsta- og miðstig fengu að fara í Höllina til að sjá Gunna og Felix. Þeir félagar slógu heldur betur í gegn þar sem Gunni sagði krökkunum hvernig hann skrifaði bækur og Felix talaði um hvernig fjölskyldur gætu verið mismunandi. Síðan var sungið og dansað og krakkarnir tóku þátt af lífi og sál. Frábær stund.





BÓKASÖFNIN

Bókasafn Vestmannaeyja er virkur þátttakandi í verkefninu Kveikjum neistann enda væri varla hægt að auka áhuga á lestri án bókasafns. Starfsfólk safnsins hefur unnið að því hörðum höndum að flokka barnabækur eftir erfiðleikastigi sem auðveldar börnum og foreldrum að velja bækur við hæfi. Bæjarbúar fengu kynningu á þessari vinnu ásamt kynningum frá Kveikjum neistann - teyminu laugardaginn 23. október og var viðburðurinn vel sóttur. Safnið bauð svo 1. bekk sérstaklega velkominn föstudaginn 29. október en þá var Hrekkjavökupema allsráðandi. Við viljum hvetja alla til að fara og skoða frábæra safnið okkar því þar er alltaf eitthvað nýtt.

Bókasafnið í Barnaskóla er búið að vera með hrekkjavíkur á safninu síðustu tvær vikur. Hrekkjavöku lestrarátak á miðstigi, safnið er skreytt þar sem hægt er að snúa hrekkjavökuhjóli og finna hrekkjavökunafnið sitt. Einnig var verið að vinna verkefnið „Skrímslið mitt“ í pixton.com í samvinnu við upplýsingatækni og endað á því að fara með allt miðstigið í ratleik (goosehace) á Bæjarbókasafnið á samvinnu við upplýsingatækni og starfsmenn á bæjarsafninu. Við mælum með að fylgjast með facebook síðu safnsins, þar er oft mikið um að vera: <https://www.facebook.com/groups/3261755190569355>



FRAMTÍÐARSÝN VESTMANNAEYJA

Nemendur í 7. -10. bekk tóku þátt í lýðræðislegri vinnu um framtíðarsýn Vestmannaeyja. Þau komu á sal, hver árgangur í einu og ræddu áhersluþætti í íslensku, stærðfræði og upplýsingatækni og hvernig hægt er að gera betur. Einnig var mikið rætt um hver gildi framtíðarsýnarinnar ættu að vera. Samskonar vinna hefur átt sér stað í öllum árgöngum í skólanum, í formi umræðna í bekk. Margir áhugaverðir punktar sem komið hafa úr þeirri vinnu.



“

Þorgrímur Þráinsson hitti nemendur í 10. bekk, flutti fyrirlestur sinn sem kallast Vertu ástfangin/n af lífinu. Hann hitti einnig 7. bekk og fór vel í tæknina við ritlist með þeim. Þorgrímur færði skólanum bókagjöf, fimm af útkomnum bókum eftir hann sjálfan, og ruku bækurnar út með því sama.

Einnig fengu nemendur á mið - og unglingastigi fyrirlestur frá samtökunum 78.





BREAKOUT Í 9.BEKK

Í íslensku í 9. bekk er búið að vera að vinna í tveggja vikna lotum í ákveðnu þema/efni. Þemað er þrískipt: íslenskar glæpasögur, ljóð og goðsögur. Breakout room er skemmtilegur endir á vinnunni um goðsögurnar. Þar þurfa nemendur að leysa ýmsar þrautir til að losna út úr Herjólfsbæ á sem skemmstum tíma. Þetta hefur vakið mikla lukku hjá nemendum.




SPENNANDI DÖNSKUKENNSLA

Í dönsku á unglingastigi eru nemendur að gera vefsíðu, þar safna þeir öllum sínum verkefnum. Dönskukennararnir gerðu heimasíðu sem nemendur vinna mikið í gegnum. Nemendur hafa samið ljóð, hlustað á danska tónlist og skoðað texta, skrifað um áhugasvið ofl. Nemendur vinna flest sín verkefni í tölvu í allakyns forritum. Einnig vinna nemendur í gegnum danskan vef ýmiss gagnvirk verkefni.

BALL OG DISKÓ

Loksins, loksins fengu nemendur ball. Nemendaráð GRV hélt Halloweenball fyrir 8.-10. bekk. Þátttaka var fremur dræm en þeir sem mættu skemmtu sér konunglega.

Halloween diskó á miðstigi var haldið þriðjudaginn 2. nóvember, þar var þátttakan mjög góð og mikið stuð á diskóinu.



“

